



Fundargerð

2. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga, kjörtímabilið 2022 – 2026. Haldinn á Teams, 29. ágúst 2022, kl. 8:00.

Mætt voru: Helgi Kjartansson formaður, Kjartan Björnsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Gestur Kristjánsson, Sandra Sigurðardóttir og Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður Héraðsnefndar. Stjórn Byggðasafns Árneseinga var boðuð á fundinn undir fyrsta lið og sat Árni Eiríksson fundinn en Þórhildur Dröfn Ingvadóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð, engar athugasemdir komu fram.

Dagskrá:

1. Ráðningasamningur - forstöðumaður Byggðasafns Árneseinga

Samningurinn sem gerður var við forstöðumann Byggðasafnsins 2017 rennur út þann 1. september 2022. Framkvæmdastjórn gerir ráðningasamninga við starfsmenn í samstarfi við stjórnir stofnanna. Ákveðið var að gera 5 ára saming við forstöðumann Byggðasafnsins og uppfæra um leið starfslýsinguna þar sem hún er orðin 10 ára gömul.

2. Haustfundur HÁ sem verður haldinn 11. okt. – staða undirbúnings

Haustfundur Héraðsnefndar Árneseinga verður haldinn á Sólheimum í Grímsnes- og Grafningshreppi 11. okt. nk. Gert er ráð fyrir að fundurinn hefjist um kl. 8:30 og standi til kl. 16:00.

Dagskrá fundarins ásamt fundargögnum verður send út þegar nær dregur fundi.

Fundi slitið kl. 8:59

Sandra Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson
Sandra Sigurðard.
Arna Ír Gunnarsdóttir

Kjartan Björnsson
Gestur Kristjánsson
Ingibjörg Garðarsdóttir